



A R S K Y R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi 1982.

1. VEÐURFAR.

Þegar þetta er skrifað, liggja ekki fyrir tölur um neina veðurstöð á Vesturlandi nema Hvanneyri. Þar var meðalhiti sumarsins 8.4° , sem er 0.3° undir meðaltali áranna 1971-80. Samkvæmt þessu má ætla að sumarhitinn í Síðumúla hafi verið 8.2° , sem er 1.1° undir meðaltali áranna 1931-60. Júní og júlí voru fremur góðir en bæði ágúst og september langt undir meðallagi. September var á Hvanneyri 1.4° kaldari en í fyrra, og var hann þó óvenjulega kaldur þá.

Eins og getið var í síðustu ársskýrslu, voru mánuðirnir okt. - des. 1981 afar kaldir og snjóhléttir. Svipað er að segja um janúar 1982. Klaki var því óvenjulega mikill í jörðu og fór víða ekki fyrr en undir júnílok.

2. VÖXTUR OG PRIF.

Laufgun og lauffall birkis. Útlit var fyrir að birki yrði seint á ferðinni í ár, en svo gerði mjög gott veður kringum fyrstu helgina í júní, og má telja að birki hafi verið laufgað um norðanverðan Borgarfjörð ca. 8. júní. Lauffall varð í lok september, en erfitt var um að dæma, því að lauf fráus víða áður en það var farið að gulna að ráði.

Vöxtur. Vöxtur var í lakara mæðallagi, og hætt er við að árssprotar hafi verið illa undir veturinn búinir.

Fræfall. Þó nokkuð var um rekla á birki, en þroskaðist afar illa. Talsvert var af könglum á stafafuru, en fræ mjög illa þroskað.

Skaðar. Snemma í vor, einkum í kvosum og dældum í Jafnaskarðsskógi, fór að bera á því að rauðgreni fór að verða brúnt. Síðan féll barrið alveg en brumin sprungu út. Þetta leit því mjög illa út, en samt virðast trén ætla að ná sér. Hér er vafalaust um veðurfarsskaða að ræða. Yfirleitt má segja, að barrskógar hafi verið óvenjulega gulleitur sl. vor, en jafnaði sig mjög mikið þegar leið á sumar, en gulnaði svo mikið aftur í nóvemberþyrjun. Sennilega hafa kuldarnir í september valdið þessu, þótt þetta hafi ekki komið í ljós fyrr en í nóvember.

Í græðireitnum í Norðtunguskógi gerði rjúpan mikinn usla. Fyrst réðist hún á strandavíðinn og hirti af honum öll brum, sem hún náði til. Því næst réðist hún á viðjuna og gerði henni svipuð skil.

Föstudaginn 23 júlí fóllu víða skriður í Norðurárdal og víðar, en undanfarna daga hafði rígt gífurlega mikið. Þá fóll stórv skriða í Hreðakotsbrekkum í Jafnaskarðsskógi, og eyðilagði hún fjölda væntanlegra jólatrjáa.

3. STARFSFÓLK.

Starfsemi var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Matarfélag var starfrækt frá 1. júní til 3. september. Auk verkstjóra og ráðskonu voru hér 3 piltar og 5 stúlkur. Sláttarfrí var gefið 31. júlí til 15. ágúst, en þann tíma dvöldust hér norskir skógræktarmenn.

4. GIRÐINGAR.

Farið var með þessum girðingum: Gilsbakka, Síðumúla, Norðtungu, Arnbjargarlæk, Hvammi, Hörðubóli, Staðarfelli og Hjarðarholti. Síðast-nefnda girðingu þurfti að endurgirða að hluta. Borðð var fyrir horn- 8g aflstaurum í Jafnaskarðsgirðingu.

5. GRISJUN OG JÓLATRÉ.

Grisjað var í stafafuru- og rauðgrenigróðursetningum í Jafnaskarðsskógi.

Jólatré voru eingöngu höggvin í Jafnaskarðsskógi. Þessi var skipting í stærðarflokka:

0.71 - 1.00	25	1.76 - 2.00	8
1.01 - 1.25	55	2.01 - 2.50	7
1.26 - 1.50	38	2.51 - 3.00	4
1.51 - 1.75	28	3.00 - 4.00	2

Alls voru trén 167 talsins. Heildsöluverð trjánna var kr. 30.738.40. Heildsöluverð stafafurugreina og toppa var kr. 13.800. Eins og undanfarin ár var allt selt Blómaðali, Sigtúni, Reykjavík.

Í haust var sömu sögu að segja og undanfarin ár, trén gulnuðu mikið þegar leið á haustið. Til þess að ná þessum fáu trjám, þurftum við að snapa um allan skógi. Hætta við að hið sama verði uppi á teningnum á næstu árum nema árferði batni verulega. Jólatréni voru högvin af mér og Birgi Haukssyni.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

Dreifsetning. Þetta var dreifsett í Norðtungureit:

Strandavíðir	5.500
Viðja	1.000
Alaskavíðir	350
		<hr/>
	Alls	6.850



**SKÓGRÆKT
RÍKISINS**
SÍMI 13422 RÁNARGÖTU 18 101 REYKJAVÍK

Afhentar plöntur:

Viðja	1.760
-------------	-------

Gard- og hnausplöntur	212
-----------------------	-----

Samtals komu inn fyrir þessar plöntur kr. 23.578.-.

Til afhendingar:

Strandavíðir 0/2	3.580
------------------------	-------

Viðja, o/5 og 0/7	1.200
-------------------------	-------

Viðja 0/3	500
-----------------	-----

Alaskavíðir 0/2	350
-----------------------	-----

Löðvífir 0/2	200
--------------------	-----

Alaskaösp	230
-----------------	-----

Stafafura 2/2	6.400
---------------------	-------

Lerki (garðplöntur)	150
---------------------------	-----

GRÓÐURSETNING.

Norðtunguskógor, Stafafura, Tumastöðum	21.000 ✓
--	----------

Síðumúlagirðing „Birki“ Grundarhóli	2.000 ✓
-------------------------------------	---------

Jafnaskarðsskógor, Birki 2/2 Andselv	400 ✓
--------------------------------------	-------

" Birki 2/2 Rundhaug	<u>600 ✓</u>
----------------------	--------------

Samtals	24.000
---------	--------

Gróðursetning gat ekki hafist fyrr en eftir Jónsmessu vegna þess að klaki fór svo seint úr jörðu.

8. Hirðing plantna.

Klippt var frá rauðgreniplöntum í Jafnaskarðsskógi og borið á ca. 800 kg af áburði, aðallega kjarna. Plönturnar tóku allvel við áburinum, en gulnuðu mikið aftur í nóvemberþyrjun. Sennilegast er, að það séu kuldarnir í september, sem hafa valdið þessu.

9. BYGGINGAR.

Keypt voru stóla, sóffaborð, borðstofuborð og dýnur í Hreðakot. Engar nýjar byggingar voru reistar.

10. Vélar og verkfæri.

Engar nýjar vélar voru keyptar. Rússajeppinn hefur reynst mjög viðhaldsþarfur á þessu ári, og surning hvort ekki sé rétt að kaupa nýjan bíl eða skipta um vél í þessum.



11. ÝMISLEGT.

Helstu ferðalög voru þessi utan Mýrasýslu:

12/6 Ferð á aðalfund skógræktarfélagsins í Stykkishólmri.

24-25/6 Ferð um Dali með skógræktarstjóra.

6-10/7 Ferð um Snæfellsnes og Vestfirði með skógræktarstjóra.

27-28/8 Ferð á aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Akureyri.

21-22/9 Ferð um Dali.

Norskir skógræktarmenn, 7 talsins, komu hinn 1. ágúst. Voru þeir fyrst 3 nætur í Norðtunguskógi og unnu að grðursetningu í Síðumúla. Síðan voru þeir 2 nætur á Laugum í Sælingsdal og grðursettu þar. Þá var farið með þá um Snæfellsnes í Jafnaskarðaskógi. Voru þeir í Hreðakoti 6 nætur. Hinn 12. ágúst fórum við með þá um Þingvelli, Geysi og Gullfoss til Reykjvíkur, en þar gisti þeir 2 síðustu næturnar hér. Við Birgir Hauksson vorum með þeim allan þennan tíma.

Jarle Bergan tilraunstjóri frá Noregi ferðaðist með mér um Borgarfjörð 3. og 4. júní.

Mógilsá, 7. febr. 1983.

Haukur Rognasson